

---

## Ný brú yfir Hverfisfljót í Skaftárhreppi

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### 1 INNGANGUR

Þann 6. nóvember 2020 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða brúar- og vegagerð í Skaftárhreppi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.09 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Skaftárhrepps, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Hringvegur (1-a3). Ný brú á Hverfisfljót í Skaftárhreppi, kynningarskýrsla. Vegagerðin, nóvember 2020.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:


- Skaftárhreppi með tölvupósti dags. 18. desember 2020.
- Fiskistofu með tölvupósti dags. 16. desember 2020.
- Hafrannsóknarstofnun með tölvupósti dags. 1. desember 2020.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með tölvupósti dags. 24. nóvember 2020.
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti dags. 23. nóvember 2020.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti dags. 25. nóvember 2020.
- Samgöngustofu með tölvupósti dags. 18. nóvember 2020.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 1. desember 2020.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 25. og 26. nóvember, 1. 2. og 18. desember 2020 og 13. janúar 2021.


#### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur að fyrirhugað sé að byggja nýja 74 m langa og tvíbreiða brú yfir Hverfisfljót á Hringvegi 1 í Skaftárhreppi. Brúin verður staðsett 20 m neðan við núverandi brú og tengd við núverandi vegakerfi með um 0,5 km löngum vegi vestan Hverfisfljóts og um 1,4 km löngum vegi austan fljótsins sem endar við nýja brú á Brunná. Í framkvæmdinni felst einnig endurbygging á 0,2 km kafla austan Brunnár. Nýr vegur og brú verða samtals um 2,2 km að lengd, þar af verður 1,1 km nýlagning og 1,1 km enduruppbygging núverandi vegar. Nýr áningastaður verður gerður við Hverfisfljót í stað núverandi áningastaðar sem fer undir nýjan veg.

Tilgangur framkvæmdar er að fækka einbreiðum brúm á Hringvegi með það að markmiði að auka umferðaröryggi og stuðla að greiðari samgöngum.



Mynd 1. Lítt raskað hraun sem raskast við framkvæmdir vestan Hverfisfljóts. Lítt raskað hraun er merkt með gulum þverröndum (úr greinargerð framkvæmdaraðila).



Mynd 2. Lítt raskað hraun sem raskast við framkvæmdir austan Hverfisfljóts. Lítt raskað hraun er merkt með gulum þverröndum (úr greinargerð framkvæmdaraðila).

### Valkostir

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að kannaðir hafi verið tveir valkostir um byggingu nýrrar brúar á Hverfisfljóti. Annars vegar að breikka núverandi brú og hins vegar að byggja nýja brú. Við mat á hönnunarflóði var talið æskilegra að lengja brúna og ekki talið hagkvæmt að nýta undirstöður eldri brúar. Því var ákveðið að byggja nýja brú við hlið núverandi brúar og hækka hana um 0,5 m til að fá stærra virkt vatnsop en nú er. Talið er nær öruggt að jökullinn muni hörfa verulega á næstu árum og áætlanir gera ráð fyrir að vatnaskil Skaftár og Hverfisfljóts muni breytast á þann veg að vatnasvið Hverfisfljóts stækki um 40 km<sup>2</sup> til ársins 2022 og geri áætlanir ráð fyrir um 20% aukningu í afrennsli.



## Brú, áningastaður og vegamót

Fram kemur að fyrirhuguð brú verði tvíbreið, samverkandi stálkassabru með steypu gólfi í þremur höfum, 22 m, 30 m og 22 m alls 74 m að lengd. Brúin verður 10 m breið með 9 m breiðri akbraut og 0,5 m breiðum bríkum og er hönnuð fyrir 90 km/klst hámarkshraða. Útbúinn verður nýr áningarstaður við hlið núverandi áningastaðar sem hverfur undir nýjan veg og verður hann staðsettur eins nálægt Hringveginum og kostur er til að lágmarka rask á hrauni. Gert er ráð fyrir einu rútustæði, þremur húsbílastæðum og 10 fólksbílastæðum þar af einu stæði fyrir hreyfihamlaða.

Fram kemur að tvö T vegmót séu á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði, annars vegar við Dalshöfðaveg og hins vegar við Vallaveg. Ný gatnamót Hringvegjar og Dalshöfðavegjar verða 20 m austan við núverandi vegamót en ný vegamót Hringvegjar og Vallavegjar verða á sama stað og núverandi vegamót. Hringvegur verður breikkaður á mótum við veltengingar að áningarstað, Dalshöfðavegi og Vallavegi.

## Efnistaka

Fram kemur að áætluð efnispörf vegna framkvæmdar sé um 60.000 m<sup>3</sup> þar af fáist 9.200 m<sup>3</sup> úr skeringum en 50.100 m<sup>3</sup> verða sóttir í fjórar námur, þ.e., á ógrónum áreyrum Hverfisfljóts Brunnár, Djúpár, og úr opnum námum í landi Rauðabergs.

Fram kemur að vinnubúðir og aðstaða verktaka verði við brúarenda Hverfisfljóts að norðanverðu. Svæðið er tæplega 1 ha að stærð og hefur því áður verið raskað við framkvæmdir.

Magn í m <sup>3</sup>	Rofvörn	Slitlag	Burðarlag	Styrktarlag	Fyllingar	Fláafleygar	Samtals
Skeringar					9.200		9.200
Núverandi vegur						7.500	7.500
Náma A- Hverfisfljót				10.800	10.000		20.800
Náma B- Brunná					15.000	1.500	16.500
Náma C- Djúpá			4.500(+10.000)				4.500(+10.000)
Náma D- Rauðaberg	200						200

Tafla 1. Áætluð efnistaka (úr greinargerð framkvæmdaraðila).

Í umsögn Skaftárhrepps kemur fram að ekki séu allar námur sem tilgreindar eru í greinargerð skilgreindar í aðalskipulagi sveitarfélagsins en sveitarfélagið er tilbúið að skoða breytingar á skipulaginu í samráði við Vegagerðina.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er bent á að námur vegna framkvæmda við Hringveg um Hverfisfljót séu án starfsleyfa frá heilbrigðiseftirliti.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram samráð verði haft við Skaftárhrepp um hvort breyta þurfi aðalskipulagi vegna efnistökusvæða sem ekki eru á aðalskipulagi og að tilgreint verði í útboðsgögnum til hvaða leyfa verktaki þarf að afla áður en framkvæmdir hefjast.

## Frágangur

Fram kemur að þegar ný brú og veltengingar verði komnar í notkun verði núverandi brú fjarlægð sem og vegir að henni og svæðið aðlagð að landinu. Núverandi brú verður rifin og steypa og stál



endurnýtt en óflokkanlegt efni verður urðað á viðurkenndum urðunarstað. Efni úr vegum verður notað í fláafleyga við framkvæmd. Fram kemur að frágangur verði samkvæmt verklagsreglum Vegagerðarinnar og að framkvæmdir takmarkist við fyrirfram skilgreint framkvæmdarsvæði. Allur frágangur verður í samráði við eftirlitsmann Vegagerðarinnar, landeigendur og fulltrúa Umhverfisstofnunar.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og umsögnum umsagnaraðila.

### Ásýnd og landslag

Fram kemur að landslag á svæðinu beggja vegna Hverfisfljóts er opið og flatt og því útsýni til fjalla og jökla. Í næsta umhverfi framkvæmdarsvæðisins er hraun sem þegar hefur verið raskað með vegagerð, slóðum, efnistöku, girðingum, reiðleið og lagningu jarðstrengja. Hraunið er víða sandorpið og sumstaðar mosavaxið en við sunnanvert Hverfisfljót eru sendin uppgæðslusvæði með melgresi. Til að draga úr sjónrænum áhrifum framkvæmdar verða vegir og brú hönnuð með það að markmið að þau falli sem best að landslagi. Núverandi brú yfir Hverfisfljót verður fjarlægð að framkvæmdum loknum ásamt vegköflum núverandi vegar sem ekki verða endurbýggðir.

### Jarðmyndanir

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað framkvæmdarsvæði sé innan jarðvangsins Kötlu Geopark og jafnframt liggi fyrirhugaður vegur um Skaftáeldahraun sem njóti sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Ný- og endurlagning vegarins ásamt gerð áningastaðar mun raska um 13.800 af hrauni en því hafi þegar verið raskað með núverandi vegi, brú, efnistöku, slóðum og reiðleiðum. Áhrif vega- og brúargerðar á jarðmyndanir eru talin óveruleg ef tekið er tillit til þess rasks sem þegar hefur orðið á svæðinu.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á við framkvæmdina sé gert ráð fyrir að eldhraun sem fellur undir sérstaka vernd skv. lögum um náttúruvernd á svæði sem nemur um 1,4 ha. Samkvæmt lögunum ber að forðast röskun slíkra hrauna nema brýna nauðsyn beri til og ljós að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að um er að ræða stærsta hraun sem runnið hefur á jörðinni á sögulegum tíma.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að á framkvæmdarsvæðinu sé að finna stórfenglegar jarðmyndanir, vatnafar og hraunlandslag og fyllsta ástæða til að sína ýtrustu gætni við allar framkvæmdir á þessu svæði og lágmarka allt rask. Þá telur stofnunin þörf á að kanna hvort mögulegt sé að hanna veginn betur með tilliti til þess að draga verulega úr lengd þeirra kafla þar sem hönnunin gerir ráð fyrir að gamli hringvegurinn verði enn til staðar og vísar til neikvæðs fordæmis á Suðurstrandarvegi, innan friðlands. Þó ekki sé um að ræða langan vegkafla verður samt sem áður talsvert nýtt rask beggja vegna brúarinnar. Þá séu sérstakir hraunbollar í hrauninu sunnan brúar sem þurfi að varðveita. Jafnframt telur stofnunin að þó jákvætt sé að fyrirhugaður áningastaður verði staðsettur á sama svæði og núverandi áningastaður mætti huga að því að draga úr umfangi hans og tvöföldun vegarins. Náttúrufræðistofnun leggur ríka áherslu á að öllu raski á framkvæmdasvæðinu verði haldið í lágmarki.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að athugað hafi verið hvort mögulegt væri að breikka núverandi brú en niðurstaðan hafi verið sú að hún væri ekki nógu löng og því nauðsynlegt að byggja nýja brú m.a. með tilliti til reiknaðs hönnunarflóðs. Framkvæmdasvæði nýrrar brúar þarf að vera utan núverandi brúar svo umferð um hana geti gengið óhindrað á framkvæmdatíma. Við færslu



brúarinnar er nauðsynlegt að færa einnig veginn beggja vegna brúarinnar til að hönnunarreglum og öryggismarkmiðum framkvæmdarinnar sé fullnægt en færslan er eins lítil og hægt er að komast af með. Fram kemur að núverandi áningarstaður sé staðsettur þar sem útsýni á Hringveginum er hvað best en við hönnun áningarstaða þarf að huga að öryggi þeirra sem nýta staðinn og gera ráð fyrir að rútur og bílar með aftanívagna komist um staðinn. Við verkhönnun áningarstaðarins verður miðað við að raska lítt röskuðu hrauni sem minnst, en óhjákvæmilegt er að raska hrauni að einhverju leyti.

Fram kemur að við áframhaldandi undirbúning framkvæmdarinnar verði reynt að draga úr umfangi hennar og raski á hrauni. Vegna öryggis vegfarenda er nauðsynlegt að byggja nýja brú á Hverfisfljót og vegna hættu á að vegfarendur stöðvi ökutæki skyndilega á veginum vegna útsýnisins við Hverfisfljót, er nauðsynlegt að byggja nýjan áningarstað í stað þess sem hverfur undir nýjan veg.

### **Vatnafar**

Fram kemur að Hverfisfljót sé jökulá með grunnvatnspætti og eigi upptök sín í Síðujökli við vestanverðan Vatnajökul. Áin rennur mestan hluta farvegjar síns, allt niður á láglandi og niður fyrir Hringveg, á og meðfram austurkvísl Skaftáreldahrauns. Fram kemur að engar hliðarár með laxfiski falli í Hverfisfljót ofan fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis og lindalæki sé ekki að finna á framkvæmdasvæðinu. Brunná og Djúpá eru blandaðar jökulár með talsverður lindar- og dragaréinkennum. Framkvæmdaraðili telur að áhrif á vatnalíf verði óveruleg í Hverfisfljóti, Brunná og Djúpá. Við efnistöku úr áreyrum verði þess gætt að raska ekki virkum farvegum ána. Samráð verður haft við Hafrannsóknarstofnun varðandi efnistöku og frágang námana og sótt um leyfi Fiskistofu áður en efnistaka hefst.

### **Gróður**

Fram kemur að framkvæmdin muni skerða lyng- og mosavaxið hraun á um 2,1 km löngum kafla. Vegurinn mun liggja um eyðihraunavist, mosahraunavist og lynchraunavist sunnan Hverfisfljóts og sanda- og vikravist norðan fljótsins. Þá geta hrossanálavist, lynchraunavist og melgambravist raskast á stuttum kafla næst Hverfisfljóti. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á gróðurfar þar sem umræddur vegakafli er stuttur og svæðinu hafi þegar verið raskað. Röskuð svæði verði jöfnuð og grædd upp í samráði við Landgræðslu ríkisins, Umhverfisstofnun og landeigendur.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að mikilvægt sé að skeringar verði teknar þannig að ekki verði mótaður einsleitur samfelldur flái í hraunkantinum og að yfirborð verði mótað þannig að staðargróður, sérstaklega mosi, hafi sem bestar aðstæður að nema land á röskuðum svæðum. Leggja skal áherslu á að endurheimta staðargróður og alls ekki sá grasi eða öðrum gróðri í röskuð svæði.

Í svari Vegagerðarinnar kemur fram að farið verði eftir ábendingum Umhverfisstofnunar um frágang skeringa og uppgræðslu.

### **Fuglar**

Fram kemur að ekki hafi verið kannað hvort sjaldgæfa fugla sé að finna í nágrenni framkvæmdasvæðis. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin gæti haft tímabundin áhrif á fugla á meðan framkvæmdir standa en að áhrifin verði óveruleg.

### **Menningarminjar**

Fram kemur að Fornleifastofnun Íslands hafi verið fengin til að sjá um skráningu fornminja á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Á svæðinu fundust 2 fornminjar sem taldar eru í stórhættu vegna framkvæmdanna. Um er að ræða tvær vörður og telst önnur þeirra hafa talsvert gildi. Fornminjar verða merktar með áberandi hætti og kynntar í útboðsgögnum.



Í umsögn Minjastofnunar kemur fram að stofnunin telji að fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði og að merking varðanna sé fullnægjandi mótvægisaðgerðir.

### **Landnotkun**

Fram kemur að samkvæmt Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 er fyrirhugað framkvæmdarsvæði á landbúnaðarsvæði. Stærstur hluti framkvæmdarsvæðis er innan veghelgunarsvæðis núverandi vegar og námur sem fyrirhugað er að nýta hafa verið nýttar áður. Norðan Hverfisfljóts er girðing meðfram núverandi vegi að vestanverðu og meðfram hringvegi að austanverðu er skilgreind reiðleið samkvæmt aðalskipulagi. Engar háspennulínur eru innan framkvæmdarsvæðis en jarðstrengur frá Rarik liggur meðfram Hringvegi og brú á Hverfisfljót að vestanverðu en fer undir Hringveginn við Vallarveg. Tvær fjarskiptalagnir Mílu liggja innan framkvæmdarsvæðis. Færsla hringvegarins er lítil eða um 20 m þar sem hún er mest og telur framkvæmdaraðili að framkvæmdin teljist í samræmi við gildandi aðalskipulag og kalli þar af leiðandi ekki á breytingu á gildandi aðalskipulagi.

Vegagerðin telur að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa óveruleg áhrif á landnotkun á svæðinu. Samráð verður haft við landeigendur og fulltrúa Skaftárhrepps varðandi hönnun framkvæmdar og efnistöku. Samráð verður haft við Mílu og Rarik þar sem hætta er á fjarskiptastrengur og jarðstrengur geti raskast.

## **5 SKIPULAG OG LEYFI**

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Skaftárhrepps skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig leyfi Fiskistofu skv. lögum um lax- og silungsveiði og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit auk starfsleyfis vegna starfsmannbúða skv. reglugerð um hollustuhætti.

Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 vegna efnistökusvæða.

## **6 NIÐURSTAÐA**

Um er að ræða byggingu nýrrar brúar yfir Hverfisfljót, skammt neðan núverandi brúar auk vegtenginga til að tengja brúna núverandi vegakerfi. Nýr vegur og brú verða samtals um 2,2 km að lengd, þar af verður 1,1 km nýlagning og 1,1 km enduruppbygging núverandi vegar. Fyrirhugaður vegur mun liggja að hluta yfir eldhraun sem eru jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga og er framkvæmdarsvæðið innan jarðvangsins Katla Geopark. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.09 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

### **Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar áhrifa**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar, nýtingar náttúruauðlinda, mengunar og ónæðis sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, með hliðsjón af hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til verndarákvæða. Ennfremur ber að líta til álagspols náttúrunnar, einkum með tilliti til sérstæðra jarðmyndana sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Þá skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmda, svo sem umfangs og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengd og afturkræfi þeirra, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.



Framkvæmdin mun hafa í för með sér um 1,4 ha skerðingu á Skaftáreldahrauni sem er eldhraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum og forðast ber að raska nema brýna nauðsyn beri til og er þá átt við brýna almannahagsmuni. Fyrir liggur að Skaftáreldahraun er annað af tveimur stærstu hraunum sem runnið hafa á jörðinni á sögulegum tíma. Verndargildi þess bæði á landsvísu og jafnframt á heimsvísu er því hátt sem skapar því umtalsverða sérstöðu. Hvers kyns rask á hrauninu rýrir þetta verndargildi og þó að hrauninu hafi verið raskað á og við fyrirhugað framkvæmdasvæði réttlætir það ekki frekari röskun þess. Fyrirhugaðar framkvæmdir verða innan Kötlu jarðvangs sem var fyrsta íslenska svæðið sem hlaut viðurkenningu UNESCO sem jarðvangur (Global Geopark). Útnefningin felur í sér að svæðið telst hafa mikilvægt jarðfræðilegt gildi á heimsvísu.

Í ljósi verndargildis Skaftáreldahrauns verður um að ræða neikvæð, varanleg og óafturkræf áhrif á hraunið og Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Náttúrufræðistofnunar að fyllsta ástæða sé til að sína ýrustu gætni við allar framkvæmdir á þessu svæði og að öllu raski verði haldið í lágmarki. Jafnframt telur stofnunin tilefni til að kannað verði hvort draga megi enn frekar úr röskun á óröskuðu hrauni m.t.t. staðsetningar og stærð fyrirhugaðs áningarstaðar. Stofnunin leggur áherslu á mikilvægi þess að brýna þurfi fyrir verktökum að framkvæmdir takmarkist við fyrirfram skilgreint framkvæmdasvæði og gæta þarf að því að raska hvergi landi utan við vegsvæði, námuvegi og námur. Eðlilegt er í ljósi staðsetningar fyrirhugaðra framkvæmda að framkvæmdasvæði, þ.m.t. öryggissvæði, sé skilgreint eins þröngt og kostur er.

Skipulagsstofnun telur ekki að framkvæmdin komi til með að hafa í för með sér breytingar á ásjáð svæðisins nema að takmörkuðu leyti. Áhrif á ásjáð verða staðbundin og ætti að vera hægt að draga úr neikvæðum áhrifum með vönduðum frágangi. Skipulagsstofnun telur því að framkvæmdin muni hafa óverulega neikvæð áhrif á ásjáð og landslag.

Tvær fornminjar eru í hættu vegna framkvæmdanna en það er mat Skipulagsstofnunar að fari Vegagerðin að tilmælum Minjastofnunar um mótvægisáðgerðir verði hægt að hlífa fornminjunum.

#### Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 1. mars 2021.

Reykjavík, 27. janúar 2021.

  
Jakob Gunnarsson

  
Tinna Jónsdóttir

